

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 17. júlí 1980

um að heimila óafmáanlegt letur á tilskildum upplýsingum á sáðkornsubúðum

(80/755/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 79/692/EBE <sup>(2)</sup>, einkum síðasta málslið a-liðar 1. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Yfirleitt er ekki heimilt að setja sáðkorn á markaðinn nema umbúðirnar utan um það séu merktar með opinberum merkimiða í samræmi við ákvæði tilskipunar 66/402/EBE.

Samkvæmt þessum ákvæðum má heimila óafmáanlegt letur á tilskildum upplýsingum á umbúðunum í samræmi við fyrirmyndina að merkimiðanum.

Þessa heimild skal veita að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem tryggja að ábyrgðin hvíli á vottunaryfirvaldinu.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríkjunum er hér með veitt heimild, að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2. mgr., til að kveða á um áletrun tilskilinna upplýsinga á umbúðir sáðkorns sem flokkast undir hvers kyns „stofnsáðkorn“ og „vottað sáðkorn“.

2. Eftirfarandi skilyrði gilda um leyfið sem veitt var í 1. mgr.:

- tilskildu upplýsingarnar skulu letraðar eða stimplaðar óafmáanlega á umbúðirnar;
- útlit og litur letursins eða stimpilsins skal vera í samræmi við þá fyrirmynd að merkimiða sem notuð er í viðkomandi aðildarríki;

- að því er tilskildu upplýsingarnar varðar skulu að minnsta kosti þær sem krafist er í atriði 3.3a og 6 í a-lið A-hluta IV. viðauka við tilskipun 66/402/EBE letraðar eða stimplaðar á þegar sýni eru tekin samkvæmt 2. mgr. 7. gr. framangreindrar tilskipunar og skulu opinberir aðilar áletra eða stimpla eða það gert undir opinberu eftirliti;
- í viðbót við tilskildu upplýsingarnar skulu allar umbúðir fá sérstakt raðnúmer sem opinberir aðilar úthluta og skal fyrirtækið sem sér um umbúðamerkingar letra eða stimpla það óafmáanlega eða gata á umbúðirnar. Þetta fyrirtæki skal tilkynna vottunaryfirvaldinu um þann fjölda umbúða sem dreift er og raðnúmer þeirra;
- vottunaryfirvaldið skal halda skrár yfir magn sáðkorns sem merkt er á þennan hátt, að meðtöldum númerum og innihaldi umbúða í hverri vörueiningu og raðnúmerunum sem um getur í d-lið;
- vottunaryfirvaldið skal hafa eftirlit með skrám framleiðenda.

2. gr.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni samkvæmt hvaða skilyrðum þau notfæra sér heimild þá sem veitt er í 1. gr. Framkvæmdastjórnin tilkynnir það hinum aðildarríkjunum.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. júlí 1980.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Finn GUNDELACH

varaforseti.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 205, 13. 8. 1979, bls. 1.